



## Leiguskilmálar vegna Bjarmaness

### 1. Leigutakar

Húsið Bjarmanes er leigt út til menningarstarfs og vegna funda, samkomuhalds og fyrir fjölskylduveislur s.s. vegna ferminga, skírna og þh.

Húsið er einnig leigt út til lengri tíma sem kaffihús samkvæmt sérstökum leigusamningi hverju sinni.

Húsið er ekki leigt út til að halda þar afmælisveislur eða hliðstæða fagnaði að kvöldlagi.

### 2. Aðstaða

Húsið skiptist í tvær hæðir og gildir gjaldskrá vegna funda og veisluhalda einungis fyrir efri hæð.

Neðri hæðin er leigð út sérstaklega þegar um sýningar eða önnur hliðstæð not er að ræða. Í húsinu eru nauðsynlegustu húsgögn, elhúsáhöld og ræstibúnaður.

### 3. Leiguskilmálar

Húsið er að jafnaði leigð út til eins dags eða hluta úr degi nema þegar gerður er sérstakur leigusamningur. Ekki er tekið við pöntunum vegna skammtímaleigu með lengri fyrirvara en þremur mánuðum. Í leigu er innifalinn sá búnaður sem í húsinu er og á ábyrgð leigutaka ef auka þarf við þann búnað af einhverjum ástæðum. Veitingaleyfi fylgir ekki óreglubundinni leigu. Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr í húsinu.

### 4. Umgengni

Leigutaka og gestum þeirra ber að fara vel með þann búnað sem í húsinu er og gæta þess að spilla hvorki eigninni né munum sem henni fylgja. Húsið skal ætíð vera læst þegar ekki er viðvera í því.

### 6. Afhending lykla

Leigutaki skal hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins með fyrirvara svo unnt verði að ganga frá húsinu til útleigu og afhenda lykla.

### 7. Frágangur

Leigutakar og gestir þeirra skulu ganga vel um húsið og skila í sama ásigkomulagi og þeir tóku við því. Þrifa skal allt í eldhúsi, þar með talið ísskáp og annan búnað og ganga frá leirtaui. Salerni skal þrifa vel, þurrka af húsgögnum og strjúka af gólfum.

Af gólfum skal eingöngu strjúka með rökum klút (moppu) en forðast að bleyta þau. Ofnar í húsinu eru með hitastilli og geta hitnað og kólnað eftir því hvernig hitastig eða súgur er í húsinu meðan á notkun stendur. Leigutaki skal ganga úr skugga um að ofnar hafi ekki verið afstilltir en þeir eiga að vera stilltir á 18°C.

Ganga skal vel frá gluggum, læsa dyrum og loka ytri hurðum þegar hús er yfirgefið.

Lyklum skal skila á skrifstof sveitarfélagsins strax að aflokinni notkun eða eftir nánara samkomulagi.

### 8. Ábyrgð leigutaka

Leigutaki ber ábyrgð á öllum búnaði í húsinu og skuldbindur sig til að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem eru hans vegum í húsinu á leigutímanum.

Í mars 2009.

Sveitarstjóri